

2000 nr. 106 25. maí

Lög um mat á umhverfisáhrifum

Tóku gildi 6. júní 2000. EES-samningurinn: XX. viðauki tilskipun 85/337/EBE og 97/11/EB. Breytt með l. 74/2005 (tóku gildi 1. okt. 2005).

I. kafli. Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

■ 1. gr. Markmið.

□ [Markmið laga þessara er:

a. að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar,

b. að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar,

c. að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmda sem falla undir ákvæði laga þessara,

d. að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda sem falla undir ákvæði laga þessara og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum og upplýsingum áður en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggur fyrir.]¹⁾

¹⁾ L. 74/2005, 1. gr.

■ 2. gr. Gildissvið.

□ [Lög þessi gilda um framkvæmdir sem falla undir ákvæði laganna, á landi, í landhelgi, í lofthelgi og í mengunarlögsögu Íslands.]¹⁾

¹⁾ L. 74/2005, 2. gr.

■ 3. gr. Skilgreiningar.

□ Í lögum þessum er merking eftirtalinnna orða og orðasambanda sem hér segir:

a. . . .¹⁾

b. *Framkvæmdaraðili*: Ríki, sveitarfélag, stofnun og aðrir lögaðilar eða einstaklingar er hyggjast hefja framkvæmd sem lög þessi taka til.

c. *Framkvæmd*: Hvers konar nýframkvæmd eða breyting á eldri framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir sem undir lög þessi falla.

[d. *Frummatsskýrsla*: Skýrsla framkvæmdaraðila um mat á umhverfisáhrifum sem Skipulagsstofnun auglýsir til kynningar.]¹⁾

[e.]¹⁾ *Leyfi til framkvæmda*: Framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og önnur leyfi til starfsemi og framkvæmda samkvæmt sérlægum sem um viðkomandi framkvæmd gilda.]¹⁾

[f.]¹⁾ *Leyfisveitandi*: Lögbært yfirvald sem veitir leyfi til framkvæmda.

[g.]¹⁾ *Matsáætlun*: Áætlun framkvæmdaraðila byggð á tillögu hans um á hvaða þætti framkvæmdarinnar og umhverfis leggja skuli áherslu í frummatsskýrslu og um kynningu og samráð við gerð frummatsskýrslu.]¹⁾

[h.]¹⁾ *Matsskyld framkvæmd*: Framkvæmd sem háð er ákvæðum laga þessara ásamt þeirri starfsemi sem henni fylgir.

[i.]¹⁾ *Matsskýrsla*: [Skýrsla framkvæmdaraðila um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir ásamt tillögum um mótvægisáðgerðir eftir því sem við á.]¹⁾ Framkvæmdaraðili ber ábyrgð á gerð matsskýrslu.

[j.]¹⁾ *Mótvægisáðgerðir*: Áðgerðir til að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif.

[k.]¹⁾ *Umhverfi*: Samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar og landslag, samfélag, heilbrigði, menningu og menningarmínjar, atvinnu og efnisleg verðmæti.

[l.]¹⁾ *Umhverfisáhrif*: Áhrif framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfi. [Þar með eru þó ekki talin þjóðhagsleg áhrif og arðsemi einstakra framkvæmda.]¹⁾

[m. *Umhverfisverndarsamtök*: Samtök sem hafa umhverfisvernd að meginmarkmiði. Þau skulu vera opin fyrir almenningi aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald.

n. *Umsagnaraðilar*: Opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum er varða matsskyldar framkvæmdir eða umhverfisáhrif þeirra.]¹⁾

[o.]¹⁾ *Umtalsverð umhverfisáhrif*: Veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum.

¹⁾ L. 74/2005, 3. gr.

II. kafli. Stjórnýsla.

■ 4. gr. Yfirstjórn og framkvæmd.

□ Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til. Á varnarsvæðum fer utanríkisráðherra með lögsögu samkvæmt lögum um yfirstjórn mála á varnarsvæðum.

□ Skipulagsstofnun er ráðherra til ráðgjafar og annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og veitir leiðbeiningar samkvæmt þeim. [Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um hvort framkvæmd skv. 6. gr. skuli háð mati á umhverfisáhrifum og gefur álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir.]¹⁾

¹⁾ L. 74/2005, 4. gr.

III. kafli. Matsskylda.

■ 5. gr. Matsskyldar framkvæmdir.

□ Þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka við lög þessi skulu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.

□ [Í þeim tilvikum þegar fleiri en ein matskyld framkvæmd eru fyrirhugaðar á sama svæði eða framkvæmdirnar eru háðar hver annarri getur Skipulagsstofnun að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila og leyfisveitendur ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega.]¹⁾

□ Heimilt er ráðherra í sérstökum undantekningartilvikum, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, að ákveða að tiltekinn framkvæmd, eða hluti hennar, sem varðar almannaeið og/eða öryggi landsins sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum. Í slíkum tilvikum skal ráðherra kveða á um hvaða gögnum skuli safnað um umhverfisáhrif hennar og aðgang almennings að þeim og kynna framkvæmdaraðila, leyfisveitendum og almenningi ástæður fyrir undanþágunni. Ráðherra ber áður en undanþága er veitt að tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni á hvaða forsendu hún er veitt og einnig að láta sameiginlegu EES-nefndinni í té þær upplýsingar sem almenningur hefur aðgang að.

□ Ráðherra getur heimilað í sérstökum undantekningartilvikum, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og leyfisveitenda, að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar, eða hluta hennar, samkvæmt þessari grein og 6. gr. fari fram með öðrum hætti en kveðið er á um í lögum þessum. Málsmeðferð slíks mats skal vera jafngild þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í IV. kafli.

¹⁾ L. 74/2005, 5. gr.

■ **6. gr.** *Framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum.*

□ Framkvæmdir sem tilgreindar eru í 2. viðauka við lög þessi skulu háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar.

□ Nú er fyrirhuguð framkvæmd meðal þeirra sem taldar eru í 2. viðauka við lög þessi og ber framkvæmdaraðila þá að tilkynna Skipulagsstofnun um hana. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um hvaða gögn skuli lögð fram til Skipulagsstofnunar. Innan fjögurra vikna frá því að gögn um framkvæmdina berast skal stofnunin tilkynna hvort framkvæmdin skuli háð mati samkvæmt lögum þessum. Við ákvörðun um matskyldu skal Skipulagsstofnun fara eftir viðmiðum í 3. viðauka við lög þessi. Áður skal stofnunin leita álits leyfisveitenda, framkvæmdaraðila og annarra eftir eðli máls hverju sinni. Skipulagsstofnun skal gera hlutaðeigandi grein fyrir niðurstöðu sinni og kynna hana almenningi.

□ Almenningi skal heimilt að tilkynna framkvæmd eða bera fram fyrirspurn um matskyldu framkvæmda sem taldar eru upp í 2. viðauka til Skipulagsstofnunar og skal stofnunin þá leita upplýsinga um framkvæmdina hjá framkvæmdaraðila og leyfisveitanda og taka ákvörðun um hvort hún eigi undir grein þessa.

□ ...¹⁾

¹⁾ L. 74/2005, 6. gr.

■ **7. gr.** *Aðrar framkvæmdir sem hugsanlega eru matskyldar.*

□ Umhverfisráðherra er heimilt, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, að mæla svo um í reglugerð að framkvæmd sem ekki er talin upp í 1. og 2. viðauka við lög þessi skuli háð mati ef sýnt þykir að hún geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Sama gildir um framkvæmd sem varðar alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Við ákvörðunina skal ráðherra fylgja viðmiðunum í 3. viðauka við lög þessi og leita álits Skipulagsstofnunar, leyfisveitenda, framkvæmdaraðila og annarra eftir eðli máls hverju sinni.

IV. kafli. Málsmeðferð vegna matsskyldra framkvæmda.

■ **8. gr.** *Matsáætlun.*

□ Nú er fyrirhuguð framkvæmd háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum og skal framkvæmdaraðili þá gera tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar eins snemma á undirbúningsstigi framkvæmdar og kostur er. Í tillögu framkvæmdaraðila skal lýsa framkvæmdinni, framkvæmdasvæði og öðrum möguleikum sem til greina koma og gefa upplýsingar um skipulag á framkvæmdasvæði og hvernig framkvæmd samræmist skipulagsáætlunum. Þar skal og vera áætlun um á hvaða þætti framkvæmdarinnar og umhverfis lögð verði áhersla, hvaða gögn liggja fyrir og áætlun um kynningu og samráð. Framkvæmdaraðili skal kynna tillögu að matsáætlun umsagnaraðilum og almenningi og hafa samráð við Skipulagsstofnun.

□ Skipulagsstofnun skal taka ákvörðun um tillögu framkvæmdaraðila innan fjögurra vikna frá því að tillaga berst, að fenginni umsögn leyfisveitenda og eftir atvikum annarra aðila. [Skipulagsstofnun getur fallist á tillögu að matsáætlun með eða án athugasemda. Geri stofnunin athugasemdir skulu þær verða hluti af matsáætlun.]¹⁾ Fallist Skipulagsstofnun ekki á tillögu að matsáætlun skal stofnunin rökstyðja ákvörðun sína, gera grein fyrir því sem hún telur ábótavant

og leiðbeina framkvæmdaraðila um frekari vinnslu tillögu að matsáætlun.

□ Fallist Skipulagsstofnun á tillögu að matsáætlun skal hún kynnt leyfisveitendum og öðrum umsagnaraðilum.

□ Ef sérstakar ástæður mæla með getur Skipulagsstofnun á síðari stígum, sbr. 9. og 10. gr., farið fram á að framkvæmdaraðili leggi fram frekari gögn, enda rökstyðji stofnunin beiðnina sérstaklega.

¹⁾ L. 74/2005, 7. gr.

■ **9. gr.** *[Frummatsskýrsla.*

□ Ef framkvæmdaraðili hyggur á framkvæmd eða starfsemi sem háð er mati á umhverfisáhrifum skal að lokinni málsmeðferð skv. 8. gr. unnin skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar. Skýrslan er nefnist frummatsskýrsla skal unnin af framkvæmdaraðila og skal gerð og efni hennar vera í samræmi við matsáætlun, sbr. 8. gr.

□ Í skýrslunni skal tilgreina þau áhrif, uppsöfnuð og samvirk, bein og óbein, sem fyrirhuguð framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir kunna að hafa á umhverfi og samspil einstakra þátta í umhverfinu. Þá skal gera grein fyrir því hvaða forsendur liggja til grundvallar matinu. Lýsa skal þeim þáttum fyrirhugaðrar framkvæmdar sem líklegast er talið að geti valdið áhrifum á umhverfið, þar á meðal umfangi, hönnun og staðsetningu, samræmi við skipulagsáætlanir, fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og tillögum um umhverfissvöktun þar sem það á við. Ávallt skal gera grein fyrir helstu möguleikum sem til greina koma og umhverfisáhrifum þeirra og bera þá saman. Loks skal gera stutta og skýra samantekt um skýrsluna og niðurstöðu hennar. Í niðurstöðu skýrslunnar skal geta um flokkun og viðmið umhverfisáhrifa einstakra þátta framkvæmdar á grundvelli leiðbeininga sem Skipulagsstofnun gefur út, sbr. 20. gr.]¹⁾

¹⁾ L. 74/2005, 8. gr.

■ **10. gr.** *[Athugun Skipulagsstofnunar og matskýrsla.]¹⁾*

□ [Innan tveggja vikna frá því að Skipulagsstofnun tekur á móti frummatsskýrslu skal stofnunin meta hvort skýrslan uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. og sé í samræmi við matsáætlun skv. 8. gr. Heimilt er Skipulagsstofnun að hafna því að taka frummatsskýrslu til athugunar í þeim tilvikum þegar hún uppfyllir ekki framangreind skilyrði. Skipulagsstofnun skal þá leiðbeina framkvæmdaraðila um frekari vinnslu frummatsskýrslu.]¹⁾

□ Skipulagsstofnun kynnir hina fyrirhuguðu framkvæmd og [frummatsskýrslu].¹⁾ Skal það gert með auglýsingu í Lögbertingablaðinu, dagblaði sem gefið er út á landsvísu og eftir því sem við á í fjölmiðli sem ætla má að nái til þeirra sem búa nærri framkvæmdasvæði.

□ Framkvæmdaraðili skal kynna framkvæmd og [frummatsskýrslu]¹⁾ í samráði við Skipulagsstofnun eftir að skýrslan hefur verið auglýst. Skipulagsstofnun getur vikið frá þeirri kröfu ef sýnt þykir að framkvæmd og [frummatsskýrsla]¹⁾ hafi hlotið fullnægjandi kynningu.

□ [Frummatsskýrslan]¹⁾ skal liggja frammi á aðgengilegum stað nærri framkvæmdasvæði og hjá Skipulagsstofnun í sex vikur sem jafnframt er sá frestur sem gefst til að koma skriflegum athugasemdum á framfæri við Skipulagsstofnun. Öllum er heimilt að gera athugasemdir við framlagða [frummatsskýrslu].¹⁾

□ Skipulagsstofnun skal leita umsagnar leyfisveitenda og annarra aðila eftir því sem við á. Umsagnaraðilar skulu gefa álit á því hvort fjallað sé á fullnægjandi hátt í [frummatsskýrslu]¹⁾ um það sem er á starfssviði þeirra og jafnframt

hvort fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir séu fullnægjandi. Þeir skulu, ef tilefni er til, tilgreina hvað þarf að kanna frekar og benda á mögulegar mótvægisáðgerðir.

□ [Skipulagsstofnun skal senda framkvæmdaraðila umsagnir og athugasemdir sem henni berast. Þegar umsagnir og athugasemdir hafa borist framkvæmdaraðila skal hann vinna endanlega matsskýrslu á grundvelli frummatsskýrslu. Í matsskýrslu skal framkvæmdaraðili gera grein fyrir framkomnum athugasemdum og umsögnum og taka afstöðu til þeirra og senda hana síðan til Skipulagsstofnunar.]¹⁾

¹⁾ L. 74/2005, 9. gr.

■ **11. gr.** [Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.

□ Innan fjögurra vikna frá því að Skipulagsstofnun tekur á móti matsskýrslu skal stofnunin gefa rökstutt álit sitt á því hvort skýrslan uppfylli skilyrði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim og að umhverfisáhrifum sé lýst á fullnægjandi hátt. Í álitu Skipulagsstofnunar skal gera grein fyrir helstu forsendum matsins, þ.m.t. gildi þeirra gagna sem liggja til grundvallar matinu, og niðurstöðum þess. Jafnframt skal í álitinu fjalla um afgreiðslu framkvæmdaraðila á þeim athugasemdum og umsögnum sem bárust við kynningu á frummatsskýrslu.

□ Telji Skipulagsstofnun að setja þurfi frekari skilyrði fyrir framkvæmdinni eða gera þurfi aðrar eða frekari mótvægisáðgerðir en fram koma í matsskýrslu skal stofnunin tilgreina skilyrðin og mótvægisáðgerðirnar og færa rök fyrir þeim.

□ Telji Skipulagsstofnun að matsskýrsla framkvæmdaraðila víki frá frummatsskýrslu hvað varðar mikilvæga þætti málsins skal hún auglýst að nýju skv. 10. gr.

□ Þegar álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir skal það kynnt umhverfisráðherra, framkvæmdaraðila, leyfisveitendum og öðrum umsagnaraðilum, svo og þeim sem gert hafa athugasemdir við frummatsskýrslu á kynningartíma. Almenningsur skal eiga greiðan aðgang að álitu Skipulagsstofnunar og matsskýrslu og skal stofnunin auglýsa í dagblaði sem gefið er út á landsvísu að álitu og matsskýrslan liggi fyrir.]¹⁾

¹⁾ L. 74/2005, 10. gr.

■ **[12. gr. Endurskoðun matsskýrslu.**

□ Ef framkvæmdir hefjast ekki innan tíu ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir skal viðkomandi leyfisveitandi óska ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild matsskýrslu framkvæmdaraðila áður en leyfi til framkvæmda er veitt.

□ Skipulagsstofnun getur ákveðið að endurskoða skuli matsskýrslu framkvæmdaraðila skv. 1. mgr. ef forsendur hafa breyst verulega frá því að álitu lá fyrir, svo sem vegna breytinga á náttúruferum eða landnotkun á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, breytinga á löggjöf um umhverfismál, breytinga á alþjóðlegum skuldbindingum eða vegna tæknipróunar varðandi framkvæmdina. Verði niðurstaðan sú að endurskoða skuli matsskýrslu að hluta eða í heild skal fara með málið skv. 8.–11. gr. eftir því sem við á.

□ Ákvörðun Skipulagsstofnunar um endurskoðun matsskýrslu skal auglýst í Lögbirtingablaði og dagblaði sem gefið er út á landsvísu innan tveggja vikna frá því að ákvörðun liggur fyrir. Í auglýsingu skal tilgreina kærueimildir og kærufresti.]¹⁾

¹⁾ L. 74/2005, 11. gr.

■ **[13. gr.]¹⁾ Leyfi til framkvæmda.**

□ [Óheimilt er að gefa út leyfi til framkvæmdar skv. 5. eða

6. gr. fyrir en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun um að framkvæmd skv. 6. gr. sé ekki matsskyld.

□ Við útgáfu leyfis til framkvæmdar skv. 1. mgr. skal leyfisveitandi kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar. Leyfisveitandi skal birta opinberlega ákvörðun sína um útgáfu leyfis og niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum innan tveggja vikna frá útgáfu leyfis. Í ákvörðun skal tilgreina kærueimild og kærufrest þegar það á við.]¹⁾

¹⁾ L. 74/2005, 13. gr.

■ **[14. gr. Málskot til ráðherra.**

□ Ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 6. gr. um hvort framkvæmd sem tilgreind er í 2. viðauka sé matsskyld og ákvörðun skv. 2. mgr. 5. gr. má kæra til umhverfisráðherra; sömu leiðis ákvörðun stofnunarinnar skv. 12. gr. um endurskoðun matsskýrslu. Kærufrestur er einn mánuður frá tilkynningu um ákvörðun stofnunarinnar.

□ Þeir einir geta skotið máli til ráðherra sem eiga lögvarða hagsmuni tengda fyrrgreindum ákvörðunum Skipulagsstofnunar í þeim tilgangi að fá þær felldar úr gildi eða þeim breytt. Umhverfisverndar- og hagsmunasamtök sem varnarþing eiga á Íslandi njóta sama réttar, enda séu félagsmenn samtakanna 30 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kærán lýtur að.

□ Enn fremur getur framkvæmdaraðili kært til ráðherra ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 8. gr. um synjun matsáætlunar eða breytingar á henni og ákvörðun stofnunarinnar skv. 1. mgr. 10. gr. um að frummatsskýrsla uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. eða sé ekki í samræmi við matsáætlun skv. 8. gr.

□ Úrskurður í kærumáli samkvæmt þessari grein skal kveðinn upp innan tveggja mánaða frá því að kærufrestur rann út.

□ Úrskurður ráðherra er fullnaðarúrskurður á stjórnisýslustigi.]¹⁾

¹⁾ L. 74/2005, 12. gr.

■ **[15. gr. Málskot til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.**

□ Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfis samkvæmt skipulags- og byggingarlögum fyrir matsskyldar framkvæmdir er kæránleg til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála innan mánaðar frá því að ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis liggur fyrir.

□ Um kæru samkvæmt þessari grein fer að öðru leyti eftir skipulags- og byggingarlögum.]¹⁾

¹⁾ L. 74/2005, 12. gr.

V. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **[16. gr.]¹⁾ Ábyrgð framkvæmdaraðila og kostnaður við mat á umhverfisáhrifum.**

□ Framkvæmdaraðili er ábyrgur fyrir mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum. Framkvæmdaraðili ber kostnað af mati á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar og af auglýsingum og kynningu á henni.

□ Umhverfisráðherra setur, að fenginni tillögu Skipulagsstofnunar, gjaldskrá vegna kostnaðar stofnunarinnar við framkvæmd laganna varðandi mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda.

¹⁾ L. 74/2005, 12. gr.

■ [17. gr.]¹⁾ *Skipulagsáætlanir og starfsleyfi.*

□ Um umfjöllun í skipulagsáætlun um mat á umhverfisáhrifum og matsskyldar framkvæmdir samkvæmt lögum þessum fer samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og skipulagsreglugerð.

□ Þegar um framkvæmd vegna starfsleyfis skylds atvinnureksturs er að ræða samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir sem jafnframt er matsskyld samkvæmt lögum þessum er framkvæmdaraðila heimilt, að fengnu samþykki Skipulagsstofnunar, að vinna matsáætlun í samráði við starfsleyfisveitanda þannig að á sama tíma verði unnið að matsskýrslu og starfsleyfi.

¹⁾ L. 74/2005, 12. gr.

■ [18. gr. *Eftirlit framkvæmda.*

□ Leyfisveitandi eða aðrir sem falið er með lögum eftirlit með framkvæmdum hafa eftirlit með því að matsskyldri framkvæmd sé hagað í samræmi við leyfi og fer um eftirlitið samkvæmt hlutaðeigandi lögum.]¹⁾

¹⁾ L. 74/2005, 14. gr.

■ [19. gr.]¹⁾ *Mat á umhverfisáhrifum yfir landamæri.*

□ Ef líklegt þykir að framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins ber Skipulagsstofnun að senda því ríki lýsingu á framkvæmdinni ásamt tiltækum upplýsingum um hugsanleg áhrif hennar yfir landamæri. Skipulagsstofnun getur krafist þess að framkvæmdaraðili taki saman upplýsingar um hugsanleg áhrif í viðkomandi ríki á tungumáli þess.

□ Þegar líklegt þykir að framkvæmd hér á landi muni hafa umtalsverð áhrif á umhverfi annars ríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins skal gefa því tækifæri til að fjalla um málið.

¹⁾ L. 74/2005, 15. gr.

■ [20. gr.]¹⁾ *[Reglugerð og leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum.]¹⁾*

□ Umhverfisráðherra setur í reglugerð,²⁾ að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, nánari ákvæði um framkvæmd laganna, þar með talið um:

- a. tilkynningar um framkvæmdir skv. 2. viðauka,
- b. framsetningu matsáætlunar, matsskýrslu og gögn,
- c. samráðsferlið,
- d. annars konar mat,
- e. aðgang almennings að gögnum,
- f. kynningu á framkvæmd og [álitum],¹⁾
- g. framlagningu frekari gagna,
- h. . . .¹⁾
- i. samtengingu vinnu við mat á umhverfisáhrifum og starfsleyfis,
- j. eftirlit.

□ [Skipulagsstofnun gefur út leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum, m.a. um:

- a. undirbúning og málsmeðferð vegna ákvarðana um matsskyldu framkvæmda,
- b. undirbúning og málsmeðferð vegna matsáætlana,
- c. undirbúning og málsmeðferð vegna matsskýrslna,
- d. flokkun og viðmið umhverfisáhrifa,
- e. nauðsynleg leyfi vegna matsskyldra framkvæmda.]¹⁾

¹⁾ L. 74/2005, 15. gr. ²⁾ Rg. 1123/2005.

■ [21. gr. *Undanþága frá frestum.*

□ Skipulagsstofnun er í samráði við framkvæmdaraðila heimilt í viðamiklum málum að víkja frá frestum þeim sem mælt er fyrir um í lögum þessum.]¹⁾

¹⁾ L. 74/2005, 16. gr.

■ [22. gr.]¹⁾ *Gildistaka.*

□ Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

¹⁾ L. 74/2005, 16. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Þrátt fyrir ákvæði III. kafla laga þessara eru framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögnum séu þær hafnar fyrir árslok 2002.

□ Ágreiningur um hvort framkvæmd sé hafin samkvæmt þessu ákvæði til bráðabirgða á undir úrskurð umhverfisráðherra.

■ **II.** [Þegar matsskýrsla hefur verið send Skipulagsstofnun fyrir gildistöku laga þessara er heimilt að ljúka mati á umhverfisáhrifum samkvæmt þeirri málsmeðferð sem gildir samkvæmt eldri lögum.

□ Í þeim tilvikum þegar matsferli framkvæmdar sem undir lög þessi fellur hefur verið lokið samkvæmt eldri lögum en ekki hafa verið veitt öll leyfi vegna hennar skal við leyfisveitingu fara samkvæmt þeim lögum.]¹⁾

¹⁾ L. 74/2005, 17. gr.

■ **III.** Lög þessi skulu endurskoðuð fyrir 1. janúar 2003. Við endurskoðunina skal sérstaklega kanna hvort ástæða sé til að sameina og samræma mat, sbr. 11.–13. gr., við leyfisveitingar fyrir einstökum framkvæmdum, í hvaða mæli skipulagsáætlanir geti komið í stað mats á umhverfisáhrifum framkvæmdar og hvort færa beri ábyrgð á mati til framkvæmdaraðila í ríkari mæli en gert er í lögum þessum.

■ **IV.** Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum skv. 19. gr. skal sett eins fljótt og auðið er og skal hún hafa öðlast gildi eigi síðar en 1. október 2000.

1. viðauki.

Framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum.

1. Olúhreinsunarstöðvar (þó ekki fyrirtæki sem framleiða eingöngu smurolúur úr hráolíu) og mannvirki fyrir koga-gösun og þéttingu úr a.m.k. 500 tonnum af kolum eða jarðbiksleir á dag.

2. Jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 50 MW uppsett varmaafli eða meira og önnur orkuver með 10 MW uppsett rafali eða meira.

3. Kjarnorkuver og aðrir kjarnakljúfar, einnig þegar slík orkuver eða kjarnakljúfar (kjarnorkuver og aðrir kjarnakljúfar teljast ekki lengur til slíkra stöðva þegar öll kjarnaklyf efni og önnur geislaefni efni hafa verið endanlega fjarlægð af staðnum) eru rifin niður eða tekin úr notkun (nema rannsóknastöðvar með yfir 1 kW heildarhitaafköst þar sem fram fer umbreyting á kjarnaklyfum efnunum og tímgunarefnum).

4. Stöðvar þar sem geisluð kjarnaklyf efni eru endurunin. Stöðvar til framleiðslu eða auðgunar kjarnaklyfra efna, til vinnslu geislaðra kjarnaklyfra efna eða mjög geislavirks úrgangs, til endanlegrar geymslu á geisluðum kjarnaklyfum efnunum, eingöngu til endanlegrar geymslu á geislavirkum úrgangi eða eingöngu til geymslu (til meira en tíu ára) á geisluðum kjarnaklyfum efnunum eða geislavirkum úrgangi annars staðar en á framleiðslustað.

5. Verksmiðjur þar sem fram fer frumframleiðsla eða endurbæðsla á málmum.

6. Mannvirki fyrir asbestnám og vinnslu og úrvinnslu úr asbesti og vörum sem innihalda asbest: fyrir vörur úr asbestsementi, með ársframleiðslu sem er yfir 20.000 tonn

af fullnum vörum, fyrir núningsþolin efni, með ársframleiðslu sem er yfir 50 tonn af fullnum vörum, og fyrir aðra notkun asbests, ef notkun er meiri en sem nemur 200 tonnum á ári.

7. Efnaverksmiðjur sem framleiða:

- i. lífrænt hráefni,
- ii. ólífrænt hráefni,
- iii. áburð sem inniheldur fosfór, köfnunarefni eða kalíum (einnig áburðarblöndur),
- iv. grunnvörur fyrir plöntuvarnarefni og líffeyða,
- v. grunnlyfjavörur með efnafræðilegum og líffræðilegum aðferðum,

vi. sprengiefni.

8. Lagning járnbrauta um langar vegalengdir.

9. Flugvellir með 2.100 m langa meginflugbraut eða lengri.

10. i. Stofnbrautir í þéttbýli.

ii. Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum er a.m.k. 10 km að lengd.

11. Hafnir (viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir) sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um.

12. Förgunarstöðvar þar sem spilliefni eru brennd, meðhöndluð með efnum eða urðuð. Aðrar förgunarstöðvar úrgangs sem meðhöndla meira en 500 tonn af úrgangi á ári.

13. Kerfi til að vinna grunnvatn ef árlegt magn vatns sem unnið er eða veitt á er 10 milljónir m³ eða meira.

14. Veita vatnsforða milli vatnasvæða ef flutningurinn er yfir 30 milljónir m³ á ári. Flutningur á drykkjarvatni í leiðslum er undanskilinn.

15. Skolphreinsistöðvar með afkastagetu sem svarar til 50.000 persónueininga eða meira.

16. Vinnsla á meira en 500 tonnum á dag af jarðolíu og meira en 500.000 m³ af jarðgasi á dag.

17. Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni þar sem 3 km² lands eða meira fara undir vatn eða rúmtak vatns er meira en 10 milljónir m³.

18. Leiðslur sem eru 1 km eða lengri og 50 sm í þvermál eða meira til flutnings á gasi eða vökvum sem eru eldfimur eða hættulegir umhverfi.

19. Stöðvar þar sem fram fer þauleldi alifugla og svína með:

- i. 85.000 stæði fyrir kjúklinga eða 60.000 fyrir hænur,
- ii. 3.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg) eða fleiri eða
- iii. 900 stæði fyrir gyltur eða fleiri.

20. Verksmiðjur:

i. sem framleiða pappírseig úr timbri eða svipuðum trefjaefnum,

ii. sem framleiða pappír og papp og geta framleitt meira en 200 tonn á dag.

21. Efnistaka [á landi eða úr hafsbotni]¹⁾ þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri. . . .¹⁾

22. Loftlínur utan þéttbýlis til flutnings á raforku með 66 kV spennu eða hærri. Sæstrengir til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærri og eru 20 km eða lengri.

23. Geymslustöðvar fyrir jarðolíu, efni unnin úr jarðolíu eða efnavörur með 50.000 m³ geymslugetu eða meira.

24. Fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 1.000 tonn á sólarhring eða meiri.

[25. Framkvæmdir á grunnvirkjum:

i. Iðnaðarframkvæmdir sem taka til stærra svæðis en 50 ha.

ii. Bygging verslunarmiðstöðva stærri en 40.000 m² og bygging bílastæðahúsa fyrir fleiri en 1.400 stæði.]¹⁾

¹⁾ L. 74/2005, 18. gr.

2. viðauki.

Framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum, sbr. einnig 3. viðauka.

1. Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi:

a. Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha.

b. Framkvæmdir til að leggja öræktað land eða lítt snortið svæði undir þaunýttinn landbúnað.

c. Vatnsstjórnunarframkvæmdir vegna landbúnaðar, þar með taldar áveitu- og framræslufarmkvæmdir, á 10 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum.

d. Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi.

e. Uppgræðsla lands á verndarsvæðum.

f. Stöðvar þar sem fram fer þauleldi alifugla og svína með:

- i. 40.000 stæði fyrir kjúklinga eða hænur,
- ii. 2.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg) eða fleiri eða
- iii. 750 stæði fyrir gyltur eða fleiri.

Stöðvar þar sem fram fer þauleldi búfjár á verndarsvæðum.

g. Þauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er 200 tonn eða meiri og fráveita til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er 20 tonn eða meiri og fráveita í ferskvatn.

h. Endurheimt lands frá hafi.

2. Námuíðnaður:

a. [Efnistaka á landi eða úr hafsbotni þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða stærra eða er 50.000 m³ eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m².]¹⁾

b. Neðanjarðarnámur.

c. Djúpborun, einkum:

i. borun á vinnsluholum og rannsóknarholum á háhitasvæðum,

ii. borun eftir jarðhita á lághitasvæðum þar sem ölkeldur, laugar eða hverir eru á yfirborði eða í næsta nágrenni,

iii. borun fyrir geymslu kjarnorkuúrgangs,

iv. borun eftir neysluvatni miðað við 2 milljóna m³ ársnotkun eða meiri,

v. að frátalinni borun til að kanna stöðugleika jarðvegs.

d. Jarðvarmavirkjanir ofan jarðar til að nema kol, jarðolíu, jarðgas og málmgrýti, svo og jarðbiksleir.

3. Orkuíðnaður:

a. Iðjuver til framleiðslu á rafmagni, gufu og heitu vatni, vatnsorkuver með uppsett rafafi [200 kW]¹⁾ eða meira og varmavinnsla úr jarðhitasvæðum sem nemur 2.500 kW hráafli eða meira.

b. Flutningskerfi gass, gufu eða heits vatns; flutningur á raforku með jarðstrengjum utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri og eru grafnir niður eða lagðir í stökk; flutningur á raforku með loftlínunum á verndarsvæðum; og sæstrengir.

c. Geymsla jarðgass . . .¹⁾ á verndarsvæðum.

d. Neðanjarðargeymsla á eldfimu gasi á verndarsvæðum.

e. Geymsla jarðefnaeldsneytis . . .¹⁾ á verndarsvæðum.

f. Gerð taflna úr kolum og brúnkolum.

- g. Stöðvar til vinnslu og geymslu á geislavirkum úrgangi.
- h. Stöðvar sem nýta vindafli til raforkuframléiðslu (vind-bú) með 2 MW uppsett rafafli eða meira.
4. Framleiðsla og vinnsla málna:
- a. Stöðvar til framleiðslu á 20 tonnum á dag eða meira af steypujárni og stáli (fyrsta og önnur bræðsla) ásamt sam-felldri steypingu.
- b. Stöðvar til vinnslu á járnkenndum málmum:
- i. heitvölsunarstöðvar,
- ii. smiðjur með hömrnun,
- iii. varnarhúðun með bræddum málmum.
- c. Málmsteypusmiðjur fyrir járnkenna málna.
- d. Stöðvar til bræðslu, einnig málmblendis, á járnlausum málmum öðrum en góðmálmum, einnig endurheimtum vör-um (hreinun, steypa í steypusmiðjum o.s.frv.).
- e. Stöðvar til vinnslu málna og plastefna ofan jarðar með rafgreiningar- og efnaaðferð.
- f. Framleiðsla og samsetning vélknúinna ökutækja og framleiðsla á hreyflum í slík ökutæki.
- g. Stálskipasmíðastöðvar.
- h. Stöðvar sem eru 1 ha að stærð eða meira til smíða og viðgerða á loftföllum.
- i. Framleiðsla á járnbrautabúnaði.
- j. Málmnotun með sprengiefnum.
- k. Stöðvar til að brenna og glæða málmgrýti.
5. Steinefnaíðnaður:
- a. Koxofnar (þurreiming kola).
- b. Sementsverksmiðjur.
- c. Stöðvar til framleiðslu á asbesti og asbestvörum.
- d. Stöðvar til framleiðslu á gleri og trefjaefni.
- e. Stöðvar til að bræða steinefni og framleiða stein-efnatrefjar.
- f. Framleiðsla á keramikvörum með brennslu, svo sem þakflísum, múrsteinum, eldföstum múrsteinum, flísum, leir-munum eða postulíni, 75 tonn á dag eða meira eða rúmtak ofns er 4 m³ eða meira.
6. Efnaiðnaður:
- a. Meðferð á hálfunnum vörum og framleiðsla kemískra efna.
- b. Framleiðsla á varnarefnum og lyfjum, málningu og lakki, gúmmílíki og peroxíðum.
- c. Geymslustöðvar fyrir jarðolífu, efni unnin úr jarðolífu og önnur kemísk efni á verndarsvæðum.
7. Matvælaíðnaður:
- a. Vinnsla á olíu og fitu úr jurtum og dýrum [á verndar-svæðum].¹⁾
- b. Þökkun og niðursuða á jurta- og dýraafurðum 75 tonn á dag eða meira [á verndarsvæðum].¹⁾
- c. Framleiðsla á mjólkurvörum 200 tonn á dag eða meira [á verndarsvæðum].¹⁾
- d. Öl- og maltgerð [á verndarsvæðum].¹⁾
- e. Framleiðsla á sætindum og sírópi [á verndarsvæðum].¹⁾
- f. Sláturhús [á verndarsvæðum].¹⁾
- g. Stöðvar til sterkjuframleiðslu [á verndarsvæðum].¹⁾
- h. Fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur á verndarsvæðum; fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslu-getu 500 tonn á sólarhring eða meiri.
- i. Sykurverksmiðjur [á verndarsvæðum].¹⁾
8. Textíl-, leður-, timbur- og pappíríðnaður:
- a. Iðnver til framleiðslu á pappír og pappa.
- b. Stöðvar þar sem fram fer formeðferð (t.d. þvottur, bleiking, mersivinna) eða litun trefja eða textílefa.
- c. Stöðvar þar sem fram fer sítun á húðum og skinnum.
- d. Stöðvar þar sem fram fer vinnsla og framleiðsla á sellu-lósa.
9. Gúmmííðnaður:
- Framleiðsla og meðferð á vörum úr gúmmílíki.
10. Framkvæmdir á grunnvirkjum:
- [a. Bygging járnbrauta og samgöngumiðstöðva.]¹⁾
- [b.]¹⁾ [Flugvellir með styttri en 2.100 m langa meginflug-braut.]¹⁾
- [c.]¹⁾ Tengibrautir í þéttbýli. Allir nýir vegir utan þéttbýl-is á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruminja-skrá. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæð-um. Hafnir utan þéttbýlis á verndarsvæðum.
- [d.]¹⁾ Byggingarframkvæmdir við skipengar vatnaleiðir og gerð skipaskurða og fráveituskurða.
- [e.]¹⁾ Stíflur og önnur mannvirki eða breytingar á árfarvegi til að hemja og/eða miðla vatni á verndarsvæðum.
- [f.]¹⁾ Járnbrautir, sporvagnar, lestir í lofti og neðan jarðar, svifbrautir og ámóta brautir af sérstakri gerð sem notaðar eru eingöngu eða aðallega til fólksflutninga.
- [g.]¹⁾ Leiðslur til flutnings á olíu og gasi á verndarsvæðum.
- [h.]¹⁾ Vatnsleiðslur utan þéttbýlis [10 km eða lengri og grafnar niður].¹⁾
- [i.]¹⁾ Mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum [á verndarsvæðum og svæðum á náttúruminjaskrá],¹⁾ t.d. með stíflugörðum, brimbrjótum, hafnargörðum og öðrum varn-armannvirkjum gegn ágangi sjávar. Landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri, þó ekki viðhald og end-urbygging slíkra mannvirkja.
- [j.]¹⁾ Vinnsla grunnvatns og tilflutningur grunnvatns . . .¹⁾
- [k.]¹⁾ Mannvirki . . .¹⁾ til að færa vatnslindir milli vatna-svæða.
11. Aðrar framkvæmdir:
- a. Varanlegar kappaksturs- og reynsluakstursbrautir fyrir vélknúin ökutæki.
- b. Förgunarstöðvar þar sem úrgangur er brenndur, með-höndlaður með efnum eða urðaður.
- c. Skolphreinsistöðvar á verndarsvæðum [og svæðum á náttúruminjaskrá].¹⁾
- d. Förgunarstöðvar fyrir seyru á verndarsvæðum.
- e. Geymsla brotajárns, þar með taldir bílar, sem er að magni 1.500 tonn á ári eða meira.
- f. Prófunaraðstaða fyrir vélar, hverfla eða hvarfrými.
- g. Stöðvar sem framleiða manngerðar steinefnatrefjar.
- h. Stöðvar til að endurvinna sprengiefni eða eyða því.
- i. Förgun sláturúrgangs.
- j. Endurvinnslustöðvar.
- k. Snjóflóðavarnargarðar til varnar þéttbýli.
12. Ferðalög og tómsundur:
- a. Skíðasvæði, skíðalyftur og kláfar á skíðasvæðum á verndarsvæðum og jöklum.
- b. Smábátahafnir sem hafa 150 bátalægi eða fleiri.
- c. Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn utan þéttbýlis á verndarsvæðum á láglandi.
- d. Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi.
- e. Varanleg tjaldsvæði og hjólhýsasvæði sem eru 10 ha eða stærri.
- f. Skemmtigarðar sem ná yfir a.m.k. 2 ha svæði.
13. Breytingar og viðbætur við framkvæmdir, sbr. 1. og 2. viðauka.

a. Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir skv. 1. eða 2. viðauka sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

b. Framkvæmdir skv. 1. viðauka sem ráðist er í eingöngu eða aðallega til að þróa og prófa nýjar aðferðir eða vörur en eru ekki notaðar lengur en í tvö ár.

¹⁾ L. 74/2005, 19. gr.

3. viðauki.

Viðmiðanir við mat á framkvæmdum tilgreindum í 2. viðauka.

1. Eðli framkvæmdar.

Athuga þarf eðli framkvæmdar, einkum með tilliti til:

- i. stærðar og umfangs framkvæmdar,
- ii. sammögnunaráhrifa með öðrum framkvæmdum,
- iii. nýtingar náttúruauðlinda,
- iv. úrgangsmýndunar,
- v. mengunar og ónæðis,
- vi. slyshættu, einkum með tilliti til efna eða aðferða sem notaðar eru.

2. Staðsetning framkvæmdar.

Athuga þarf hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, einkum með tilliti til:

- i. landnotkunar sem fyrir er eða er fyrirhuguð samkvæmt skipulagsáætlun,
- ii. magns, gæða og getu til endurnýjunar náttúruauðlinda,
- iii. verndarsvæða:
 - (a) friðlýstra náttúruminja og svæða sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd,
 - (b) svæða sem njóta verndar samkvæmt sérlögum, svo sem Þingvalla, Mývatns- og Laxárvæða og Breiðafjarðar,
 - (c) svæða innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmt þjóðminjalögum,
 - (d) svæða, sbr. gr. 4.21 í skipulagsreglugerð, sem njóta verndar í samræmi við reglugerð um varnir gegn meng-

un vatns og reglugerð um neysluvatn vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum,

(e) svæða sem njóta verndar samkvæmt samþykktum alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af, svo sem Ramsarsamningsins (votlendi) og Bernarsamningsins (verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu). Válistar falla hér undir enda m.a. gefnir út til að uppfylla skyldur Íslands samkvæmt Bernarsamningnum,

(f) hverfisverndarsvæða samkvæmt ákvæðum í skipulagsáætlunum, sbr. gr. 4.22 í skipulagsreglugerð,

iv. álagsþols náttúrunnar, einkum með tilliti til:

- (a) votlendissvæða,
- (b) strandsvæða,
- (c) sérstæðra jarðmyndana, svo sem hverasvæða, vatnsfalla, jökulminja, eldstöðva og bergmyndana,
- (d) náttúruverndarsvæða, þar með talið svæða á náttúru-minjaskrá,
- (e) landslagsheilda, ósnortinna víðerna, hálendissvæða og jökla,
- (f) upprunalegs gróðurlendis, svo sem skóglendis,
- (g) fuglabjarga og annarra kjörlanda dýra,
- (h) svæða sem hafa sögulegt, menningarlegt eða fornleifafræðilegt gildi,
- (i) svæða þar sem mengun er yfir viðmiðunargildum í lögum og reglugerðum.

3. Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar.

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi viðmiðana hér á undan, einkum með tilliti til:

- i. umfangs umhverfisáhrifa, þ.e. þess svæðis og fjölda fólks sem ætla má að verði fyrir áhrifum,
- ii. stærðar og fjölbreytileika áhrifa,
- iii. þess hverjar líkur eru á áhrifum,
- iv. tímalengdar, tíðni og óafturkræfi áhrifa,
- v. sammögnunar ólíkra umhverfisáhrifa á tilteknu svæði,
- vi. áhrifa yfir landamæri.